

1872.

26. marz.

37. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um fiskiveiðar útlendra við Ísland.

Þarsem talsvert vægari hegningar liggja við fyrir yfirgang útlendra í landhelgi við Ísland samkvæmt 1. og 2. gr. í tilskipun þeirri, sem út kom 26. f. m. um fiskiveiðar útlendra við Ísland, o. fl., en samkvæmt eldri lögum, hefir verið ætlað til við umræður þær, sem fram fóru um það lagaboð, áður en það kom út, að nú yrði að framfylgja lögnum einbeittara en hingað til í því, að hafa auga á þeim afbrotum, sem hér eru umtalsmál, þegar tilskipunin væri komin í gildi 1. júlí þ. á. Samt sem áður hefir stjórnarráðinu fundizt það réttast, að láta nokkurn tíma líða, til þess tilskipunin nái að festast í meðvitund manna, áður en farið verður að fylgja henni fram með meiri eptirgangsemi, en hinum eldri hegningarákvörðunum laganna um þetta var beitt, og höfum vér því mælt til þess við sjóliðsstjórnina, að skipstjóranum á skonnortunni Fyllu, sem byrjar ferð til Íslands og Færeyja í öndverðum næsta mánuði, verði sagt svo fyrir, að hann enn á þessu ári skuli að eins vísa útlendum skipum burt, sem brjóta gegn tilskipuninni, fá sannanir fyrir því, hvert skipið sè, og skýra hinu fyrsta herskipi sama þjóðernis, sem hann hittir, frá því, sem gjörzt hefir, og verður þar að auki athygli hlutadeiganda leidd að því, að tilskipunin sè komin út, og hverjar afleiðingar það hafi, ef þeir gjöri sig seka á ný í hinu sama.

Dómsmálastjórninni mundi nú þykja vænt um, að utanríkisstjórnin tilkynni þeim ríkisstjórnnum í útlöndum, sem í hlut eiga, að farið verði enn á þessu ári, af þeirri ástæðu, sem getið var, eins vægilega að, og hingað til, en framvegis sè það ætlunin. einmitt vegna þess, að hegningarákvarðanirnar sè svo vægar í tilskipuninni, að láta þegar í stað taka hvert skip, sem brýtur gegn henni, og fara með það til næsta amtmanns, svo málsókn verði höfðuð á hendur þeim, sem í hlut eiga, og þeim hegnt samkvæmt því, sem fyrir sè mælt.